

Nd.

488. Frumvarp til laga

[7. mál]

um olíuhreinsunarstöð á Íslandi.

(Eftir 2. umr. í Nd., 11. marz.)

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, er hafi það að markmiði að kanna aðstæður til að reisa og reka olíuhreinsunarstöð hér á landi og stuðla að því, að slíku fyrirtæki verði komið á fót.

Með olíuhreinsunarstöð er í lögum þessum átt við iðjuver til framleiðslu á olíuvörum og öðrum efnaiðnvarningi fyrir innlandan og erlendan markað með hreinsun og vinnslu úr jarðolíu og skyldum efnum, svo og hvers konar atvinnufyrirtæki, sem starfrækja má í þágu slíks iðjuvers eða í tengslum við það.

2. gr.

Til samvinnu um stofnun eða starfrækslu hlutafélags samkv. 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja hvers konar aðila, sem áhuga hafa á málinu, innlenda eða erlenda. Þó skal ekki minna en 51% af hlutafé félagsins jafnan vera í eign ríkisins og stjórn þess skipuð fulltrúum þess að meiri hluta.

Ráðherra skipar nefnd þriggja sérfróðra manna, tilnefndra af framkvæmdanefnd Rannsóknaráðs, til þess að afla upplýsinga um mengunarhættu, sem stafa kann af olíuhreinsunarstöð. Nefndin skili álitni um þetta efni, áður en tekin verður ákvörðun um byggingu stöðvarinnar.

3. gr.

Hlutafélagi samkvæmt 1. gr. skal heimilt að framkvæma eða láta framkvæma hvers konar athuganir og aðgerðir til rannsóknar og skipulagningar á starfsgrundvelli olíuhreinsunarstöðvar og undirbúnings að því, að hefjast megi handa um byggingu hennar og rekstur. Skal að því stefnt, eftir því sem fært þykir, að unnt verði að framselja árangurinn af starfsemi félagsins í hendur aðila eða aðilum, sem takast það verkefni á hendur, þannig að félagið fái tilkostnað sinn að fullu endurgoldinn.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt í þeim tilgangi, sem um ræðir hér að framan:

1. Að leggja fram allt að 5 milljónum króna eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt, sem hlutafé í félagi samkvæmt 1. gr. eða til greiðslu á kostnaði þess, af fé ríkissjóðs eða lánsfé, sem henni skal heimilt að afla ríkissjóði í því skyni.

2. Að veita ríkisábyrgð fyrir láni eða lánnum, er hlutafélagið tekur til starfsemi sinnar, að fjárhæð samtals allt að 5 milljónum króna eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt, eða taka lán innan sömu marka og endurlána félaginu í sama tilgangi.
3. Að leyfa félaginu umferð og afnot af löndum og mannvirkjum eftir því sem nauðsynlegt kann að vera í þágu rannsókna samkvæmt 3. gr., enda greiði félagið fullar bætur fyrir það tjón, sem umferðin eða afnotin kunna að valda eigendum eða ábúendum lands eða mannvirkja.

5. gr.

Íslenska ríkið og þeir aðilar, sem kvaddir eru til samstarfs samkvæmt 2. gr., hvort sem eru einstaklingar, félög eða stofnanir, innlendir eða erlendir, skulu vera fullgildir stofnendur hlutafélags samkvæmt 1. gr., án tillits til ákvæða 2. málsliðs 2. mgr. 4. gr. laga nr. 77/1921, um hlutafélög. Tala stofnenda skal og óháð ákvæðum 1. málsliðs þeirrar málsgreinar. Sama máli gegnir um tölu hluthafa þess, að því er varðar 38. gr. hlutafélagalaganna.

Fulltrúar í stjórn hlutafélags, samkvæmt 1. gr., mega vera erlendir ríkisborgarar og búsettir erlendis, ef því er að skipta, þó ekki sá meiri hluti, sem áskilinn er í 2. gr. hér að framan. Þurfa stjórnendur ekki að eiga hlut í félaginu. Fulltrúar af hálfu ríkisins skulu skipaðir af ráðherra.

Hlutabréf í félagi, samkvæmt 1. gr., skulu skráð á nafn. Ákvæði 2. málsliðs 2. málsgreinar 31. gr. laga nr. 77/1921, um hlutafélög, skulu ekki takmarka atkvæðisrétt hluthafa í félaginu.

6. gr.

Iðnaðarráðherra fer með mál, er varða eignarhlutdeild ríkisins í hlutafélagi samkvæmt 1. gr. og aðild að starfsemi þess.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.